



Reykjavík, 31. mars 2020
2020030011

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Gjaldskrá sumarnámskeiða í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Sumarnámskeið Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eru verðlöögð þannig að þau standi undir kostnaði. Sumarið 2020 er gert ráð fyrir að bjóða uppá námskeið hálfan daginn fyrir börn á aldrinum 10-12 ára alla virka daga sumarsins.

Börnin fá fræðslu og eru undir eftirliti starfsmanna námskeiðanna frá klukkan 09:00-12:00, en hafa síðan möguleika að vera áfram í garðinum þar til hann lokar, klukkan 18:00.

Árið 2019 var verð á hálfsdags námskeiði í fimm daga 18.400 kr. Gert er ráð fyrir að það hækki í 18.900 kr. sumarið 2020.

Árið 2019 var verð á hálfsdags sumarnámskeiði í 4 daga 14.700 kr. Gert er ráð fyrir að það hækki í 15.500.

20% systkinaafsláttur er veittur af gjaldi annars barns.

Reiknað er með að hver starfsmaður hafi 5 börn undir sinni umsjón á hverju námskeiði.

Lagt er til að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykki gjaldskránnna.

Ómar Einarsson.